

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
Fundur 28. sept. 2009
8. fundur

Staðsetning: Cafe Milano, 21:00 – 23:00

Mættir: Arnar Bill, Ómar, Kristján, Sigurður, Jóhann, Þórir og Úlfar
Boðuð forföll: Kristján.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

2. Bikarúrslitaráðstefnur

Farið yfir dagskrár og lausa enda.

3. Siðareglur KÞÍ

Umræður, ákveðið að Þórir skoði málið.

4. Fréttablað

Umræður um innihald. Þjálfarar ársins, viðurkenningar, samantekt af bikarráðstefnu, viðtal við þjálfara. Umræður um hugsanlegan kostnað við útgáfu.

5. Afhending fylgihluta árgjalds

SIS er komið til landsins. Þurfum 300 umslög til að senda félagsmönnum hífuna og blaðið.

6. Ráðstefnur í útlöndum

Kristján og Arnar Bill hafa sótt um ferðastyrk til KSÍ vegna bikarráðstefnu Norska þjálfarafélagsins. Ferð á Ráðstefnu AEFCA í Minsk í Hvíta Rússlandi er í skoðun. KSÍ ekki búið að svara fyrirspurn um ferðastyrk vegna málsins.

7. Önnur mál

- a. 40 ára afmæli félagsins á næsta ári. Ákveðið að Þórir og Ómar hefji grunn undirbúning fyrir afmælið.
- b. Umræður um þjálfarann á heimasíðu, nýjar æfingar komnar inn.
- c. Kanna verð á áskriftum á blöðum.

Úlfar Hinriksson
ritari